

um náttúruvernd.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 232 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að setja upp auglýsingaspjöld utan kaupstaða eða kauptúna án leyfis náttúruverndarnefndar, festa þar upp auglýsingu eða letra auglýsingu á mannvirki, sem þar eru. Þó er heimilt að setja eða letra auglýsingu um atvinnurekstur eða þjónustu á eign, þar sem slík starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Lögreglumönnum er rétt að nema brott auglýsingu, sem sett er andstætt banni þessu, á kostnað hins brotlega, ef því er að skipta. Ekki þarf að bera leyfi, er náttúruverndarnefnd veitir samkvæmt málsgrein þessari, undir náttúruverndarráð.

Með auglýsingu í ákvæði þessu er átt við þær auglýsingar einar saman, sem lúta að kaupskap, þjónustu eða öðrum viðskiptum („reklame“). Auglýsingar um mannfundi innan sveitarfélags eru leyfilegar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. Taka skal þær niður eða má þær, þegar er mannfundur hefur verið haldinn.

Nú er auglýsing, sem ekki brýtur í bága við ákvæði greinar þessarar, til óprýði að mati náttúruverndarnefndar eða náttúruverndarráðs, og má þá leggja fyrir aðila að taka hana niður eða breyta henni. Heimilt er að bæta aðila beinan kostnað, sem hann sætir vegna þessa, af almannafé (sbr. 28. gr.).

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar, án leyfis náttúruverndarráðs.

Á landsvæðum utan kaupstaða og kauptúna er óheimilt að hafa uppi áróðurspjöld eða áletranir, sem fela í sér áróður.

6. gr. hljóðar svo:

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna utan þétthýlis og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar (sé land girt, er aðeins heimilt að fara gegnum hlið á girðingunni), enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra réttihafa að landinu. Nú hlýzt tjón af dvöl manna á landinu, og skal þá greiða réttihöfum fullar bætur fyrir tjónið eftir virðingu náttúruverndarnefndar. Skjóta má úrskurði nefndarinnar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt 18. gr.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanns lands, svo og dvöl þar.

10. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands, og einum embættisgengum lögfræðingi, er menntamálaráðherra skipar, án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka; varaformaður, sem skal vera embættisgengur lögfræðingur, er skipaður án tilnefningar, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumamálastjóra.